

skilyrði fyrir kosningarrjetti er það, meðal annars, að hlutaðeigandi hafi átt lögheimili í bænum í eitt ár, þegar kosning fer fram og er engin efi á, að þar er átt við síðasta árið áður kosning fer fram, enda hefir þetta ákvæði jafnan verið skilið svo, er um samningu kjörskrár var að ræða. Nú er það engum efa undirorpið, að sjera Ingimar Jónsson á Mosfelli í Grímsnesi fullnægir ekki þessu skilyrði, og verður því að telja fyrri hluta framangreindrar ályktunar bæjarstjórnarinnar rjettan.

Um síðari hluta ályktunarinnar er þess að geta, að þótt það sje ekki í lögum tekið fram beinlínis, að úrskurður skuli feldur um kjörgengi umsækjanda við borgarstjórakosningar áður en kosning fer fram, þá verður ráðuneytið þó, með tilliti til þeirra afleiðinga, sem hið gagnstæða gæti haft, að telja það rjett, að svo sje gert, enda eru bein fyriræli um slíkan úrskurð í 2. gr. laga nr. 20, 20. okt. 1913, þegar um bæjarstjórnarkosningar er að ræða og virðist rjett að lögfafna frá því ákvæði, en ekki frá þar að lútandi ákvæðum laga nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, því að borgarstjórakosning er vitanlega skyldari bæjarstjórnarkosningum en alþingiskosningum.

Af ástæðum þeim, sem að framan eru nefndar, telur ráðuneytið ekki rjett að breyta umræddri ályktun bæjarstjórnarinnar og á hún því að standa óhögguð.

Þetta er yður, herra borgarstjóri, hjermeð tjáð, til birtingar fyrir bæjarstjórninni.

## 2

2. jan.

## REGLUGJÖRÐ

fyrir

**Slysatryggingu ríkisins, samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925.**

### 1. gr.

Slysatryggingu ríkisins er stjórnað af 3 mönnum undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins. Skiftir stjórnin sjálf störfum sín á milli.

Samkv. 18. gr. slysatryggingarlaganna eru auk stjórnarinnar 2 menn, annar valinn af fulltrúanefnd atvinnurekenda, en hinn af Alþýðusambandi Íslands, sem hafa rjett til að fylgjast með öllum rekstri Slysatryggingarinnar. Er þeim heimilt að mæta á stjórnarfundum, en ekki hafa þeir þar atkvæðisrjett.

Kostnaður við stjórn Slysatryggingarinnar greiðist úr ríkissjóði. Þar til telst eigi borgun til fulltrúa atvinnurekenda og verkamanna, heldur greiðist þeim þóknun úr sjóði Slysatryggingarinnar.

### 2. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fá sjer þá aðstoð, er þurfa þykir, meðal annars læknisaðstoð við úrskurðun örorkubóta og dagpeninga.

### 3. gr.

Slysatryggingin skiftist í 2 deildir, sem halda skal aðgreindum, sjó-

mannatryggingu og iðntryggingu. Þó má til bráðabirgða taka fje úr sjóði annarar deildarinnar til þess að greiða með halla, sem verða kann í hinni deildinni, en endurgreiða skal það fje, þegar deildin verður þess megnug. Sameiginlegur kostnaður við báðar deildir greiðist af þeim í hlutfalli við upphæð iðgjaldanna. 2  
2. jan.

#### 4. gr.

Iðgjöld skal greiða fyrirfram, í sjómannatryggingunni fyrir ráðningar-tímamann um leið og lögskráð er eða ráðning fer fram, en í iðntryggingunni í ársbyrjun eða þegar fyrirtækið tekur til starfa, ef það starfar eigi nema hluta úr ári. Ef iðgjaldið fer fram úr 1000 kr., má greiða það í tvennu lagi, í byrjun hvers misseris, ef þess er óskað. Er iðgjaldið áætlað samkvæmt upplýsingum í tilkynningu þeirri, sem senda skal um fyrirtækið í ársbyrjun eða þegar það tekur til starfa, en hið endanlega iðgjald er ákveðið að árinu loknu eða þegar fyrirtækið hættir, ef það stendur eigi út árið, samkvæmt upplýsingum um mannahald og vinnumagn fyrirtækisins í því formi, sem Slys-atryggingin segir fyrir um. Ef iðgjaldið hefir verið áætlað of lágt, greiðist þá það sem á vantar eftir áramótin ásamt hinu áætlaða iðgjaldi næsta árs, en ef iðgjaldið hefir verið áætlað of hátt, gengur það, sem ofreiknað hefir verið, upp í iðgjald næsta ár eða endurgreiðist, ef fyrirtækið hættir að starfa.

Iðgjöldin í sjómannatryggingunni greiðast til skráningarstjóra, en í iðntryggingunni til lögreglustjóra. Þó greiðir ríkissjóður iðgjöld sín beint til Slys-atryggingarinnar.

#### 5. gr.

Innan loka hvers ársfjórðungs skulu skráningarstjórar og lögreglustjórar hafa sent frá sjer til Slys-atryggingarinnar þau iðgjöld, sem til þeirra eru komin, að frádregnum innheimtulaunum. En fyrir lok febrúarmánaðar skulu þeir senda reikning fyrir umliðið ár ásamt fylgiskjölum í því formi, sem Slys-atryggingin ákveður, og skal þá um leið standa skil á því, sem ógoldið er af iðgjöldum fyrra árs.

Stjórnin gerir fjeð arðberandi í sparisjóði eða með því að kaupa banka-vaxtabrjef Veðdeildar Landsbankans eða önnur trygg verðbrjef. Skal rita á þau, að þau sjeu eign Slys-atryggingarinnar. Stjórnarnefndarmennirnir hafa einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því, að fje Slys-atryggingarinnar misfarist ekki.

#### 6. gr.

Skaðabótaupphæðirnar greiðast í Reykjavík gegn lögmati kvittun. Þó má greiðsla, einkum dagpeninga, fara fram annarsstaðar, ef stjórninni virðist ástæða til.

#### 7. gr.

Ársreikningur Slys-atryggingarinnar skal endurskoðast af tveim mönnum, sem atvinnumálaráðuneytið nefnir til, og úrskurðar það og kvittar fyrir reikninginn. Reikningurinn skal birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

2

8. gr.

2. jan. Tryggingarskylda nær ekki fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, til þeirra, sem vinna að hreppavegum eða sýsluvegum. Tryggingarskylda fylgir ekki heldur neinni algengri sveitavinnu.

Að fengnum tillögum stjórnar Slysatryggingarinnar, getur atvinnu- málaráðuneytið undanþegið tryggingarskyldu smáfelda starfsemi, sjerstaklega utan kaupstaða og kauptúna, eftir því sem tilefni gefst til, og verða slíkar ákvarðanir birtar á sama hátt og reglugjörðir.

9. gr.

Stjórn Slysatryggingarinnar setur, eftir því sem þurfa þykir, nánari reglur um framkvæmd og fyrirkomulag tryggingarinnar og skal það tilkynt umboðsmönnum Slysatryggingarinnar (skráningarstjórum og lögreglustjórum) með umburðarbrjefi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. jan. 1926.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

## REGLUGJÖRÐ

fyrir

3  
2. jan.

**áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar.**

*Áhættuflokkun.*

Frá 1. janúar 1926 ákveðast iðgjöld fyrir slysatryggingar samkvæmt lögum nr. 44, 27. júní 1925, þannig:

1. áhættuflokkur	6 aur. um vikuna
2. ———	10 — — —
3. ———	20 — — —
4. ———	40 — — —
5. ———	80 — — —
6. ———	90 — — —
7. ———	120 — — —

Vikan legst til grundvallar fyrir iðgjaldagreiðslunni, enda þótt kaupið sje miðað við ár, mánuð, dag eða klukkustund. Ef kaupið er tímakaup eða dagkaup, reiknast 60 klukkustundir eða 6 dagar sem ein vika. Árið reiknast sem 50 vikur, en mánuður  $\frac{1}{12}$  úr ári. Telja má saman tíma allra þeirra, sem trygðir eru í einu, en brot úr viku, sem þá verður afgang, telst sem heil vika.

### IÐGJALDASKRÁ.

1. *Sjómannatryggingin.*

	Áhættu- flokkur	Vikugjald fyrir manninn.
Gufuskip	5	80 aur.
Seglskip	6	90 —
Mótorskip yfir 12 lestir	7	120 —